

Nýnemar

Hvar eru tölvuver?

Hvernig tengi ég fartölvuna
við þráðlausa netið?

Hvernig nálgast ég
tölvupóstinn minn?

Hvar fæ ég aðgang að Uglu?

Leiðarvísir að tölvuþjónustu Reiknistofnunar



Flip over for English version



REIKNISTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Efnisyfirlit

Til hvers að lesa þennan bækling?	3
Reiknistofnun Háskóla Íslands	3
Hvert er hlutverk Reiknistofnunar?	
Tölvubjónusta RHÍ	4
Er Tölvubjónusta RHÍ eitthvað annað en Reiknistofnun?	
Veitir Tölvubjónusta RHÍ aðstoð varðandi öll tölvumál?	
Notendanafn og lykilorð	5
Hvernig fæ ég notendanafn?	
Er mikilvægt að muna notendanafn sitt og lykilorð?	
Hvernig get ég fengið nýtt lykilorð ef ég er búin(n) að gleyma því?	
Er hægt að breyta þessu flókna lykilorði?	
Ugla	6
Hvað er Ugla?	
Forsíða	
Ugla mín	
Kennsluvefur - Námskeiðin mín	
Skráning í námskeið	
Tölvuver	8
Hvar eru tölvuverin?	
Hvað þarf ég að vita áður en ég skrái mig inn í tölvu í tölvuveri?	
Prentun	9
Hvar er hægt að prenta út?	
Hvar get ég ljósritað og/eða skannað?	
Heimasvæði	10
Tölvupóstur og dagatal	10
Hvernig nálgast ég tölvupóstinn minn?	
Er rafrænt dagatal í boði?	
Nettengingar	11
Þráðlaust net á háskólasvæðinu	
Eduroam	
Garðanet	
VPN tenging	
ADSL tenging	
Hvað má ég hlaða miklu niður í gegnum HINET?	
Gagnlegir tenglar	13
Kort af háskólasvæðinu - Vesturbær	14



REIKNISTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tölvubjónusta RHÍ 2. hæð Háskólatorgi.
Opíð kl. 8:00 - 16:00 alla virka daga.
Sími: 525 4222 | Tölvupóstur: help@hi.is

Leiðarvísir að tölvubjónustu Reiknistofnunar | 2 útgáfa
© 2012 Reiknistofnun Háskóla Íslands



Til hvers að lesa þennan bækling?

Í þessum bæklingi er að finna svör við helstu spurningum nemenda sem snúa að tölvu- og tæknimálum. Svo í staðinn fyrir að klóra sér í hausnum og bíða í biðröðum eftir lausnum varðandi ýmis tölvuvandamál þá er upplagt að renna yfir bæklinginn og fá betri innsýn inn í tölvu- og tæknimál háskólans.

Áður en lengra er haldið skal þess getið að á vefsíðu Reiknistofnunar rhi.hi.is er að finna fjöldann allan af leiðbeiningum. Í þessum bæklingi verður vísað á vefslóðir fyrir viðeigandi leiðbeiningar auk svokallaðs QR kóða sem hægt er að skanna inn með snjallsímum og komast þannig beint inn á viðkomandi síður á netinu.

rhi.hi.is



Reiknistofnun Háskóla Íslands

➔ Hvað er Reiknistofnun Háskóla Íslands?

Reiknistofnun var stofnuð í kringum vél sem Háskóli Íslands fékk árið 1964 og var kölluð “rafheili”. Vélin hafði einungis það hlutverk að reikna en þaðan er nafn Reiknistofnunar fengið. Þess má geta að á þeim tíma var orðið tölva enn ekki til í íslenskrri tungu. Reiknistofnun gengur einnig undir nöfnunum Reiknistofnun HÍ, RHÍ og Tölvubjónusta RHÍ.


➔ Hvert er hlutverk Reiknistofnunar?

Reiknistofnun rekur tölvu-, net- og símkerfi Háskóla Íslands og hefur meðal annars umsjón með:

- Þráðlausa netinu og öðrum nettengingum
- Uglu - Innra neti HÍ
- Prenturum, tölvubúnaði og hugbúnaði í tölvuverum HÍ
- Tölvupóstkerfi HÍ
- Heimasvæðum notenda
- Notendanöfnum og lykilorðum

Þar að auki sér Reiknistofnun um að veita öfluga þjónustu við stofnanir, deildir og starfsfólk HÍ.

www.rhi.hi.is/starfsemi_reiknistofnunar



Tölvuþjónusta RHÍ

➔ Er Tölvuþjónusta RHÍ eitthvað annað en Reiknistofnun?

Tölvuþjónusta RHÍ er sá hluti Reiknistofnunar sem nemendur og starfsmenn hafa beinan aðgang að. Ef upp koma vandamál sem snúa að Reiknistofnun þá skal hafa samband við Tölvuþjónustu RHÍ.

Tölvuþjónusta RHÍ er staðsett á 2. hæð á Háskólatorgi á milli þjónustuborðs og tölvuvers.

Opnunartími er milli klukkan 8.00 og 16.00 alla virka daga.

Einnig er hægt að nálgast aðstoð í síma 525 4222 eða með því að senda tölvupóst á help@hi.is.

Menntasmiðjan í Stakkahlíð aðstoðar einnig nemendur með tölvutengd vandamál (sjá tengil á síðu 13).

➔ Veitir Tölvuþjónusta RHÍ aðstoð varðandi öll tölvumál?

Tölvuþjónusta RHÍ veitir almenna aðstoð varðandi tölvumál tengd HÍ eins og að tengjast þráðlausa netinu eða útvega nýtt lykilorð.

Tölvuþjónusta RHÍ gerir t.d. ekki við bilaðar tölvur hjá nemendum eða veitir kennslu á einstaka forrit eins og Office. Hins vegar mun Tölvuþjónusta RHÍ ávallt reyna að leiðbeina öllum notendum og beina vandamálum þeirra í réttan farveg, því er velkomið að leita ráða hjá þeim.



Notendanafn og lykilorð

➔ Hvernig fæ ég notendanafn?

Nýnemar geta fengið notendanafn og lykilorð uppgæfið á umsóknarsíðunni nynemar.hi.is um leið og greiðsla hefur borist og umsóknin er afgreidd á síðunni. Hver nemandi á sitt notendanafn á meðan hann stundar nám við HÍ og heldur því eftir brautskráningu.

Tölvukerfi Reiknistofnunar úthlutar notendanöfnum með þeim hætti að nota fremstu stafi í for-, milli- og eftirnafni viðkomandi að viðbættum hlaupandi tölustöfum. Með þessum hætti er hægt að gera notendum kleift að halda aðgangi sínum eftir útskrift. Þannig þarf Reiknistofnun aldrei að endurúthluta sama notendanafninu. Það kemur meðal annars í geg fyrir ýmis vandkvæði sem gætu fylgt endurúthlutun.

Nemendur geta ekki sótt um breytingu á notendanöfnum, nema í sérstökum undantekningartilfellum t.d. þegar skammstöfun raðast óheppilega.

➔ Er mikilvægt að muna notendanafn sitt og lykilorð?

Já það er afar mikilvægt því notendanafnið er einkenni hvers notanda í öllum tölvukerfum Reiknistofnunar t.d. Uglu, tölvuverum, heimasvæðum, í tengslum við nettengingar og svona mætti lengi telja.

Notendanafnið er einnig hluti af netfangi viðkomandi. Þannig væri t.d. netfang nemanda með notendanafnið `abc12`, `abc12@hi.is`.



Notendum er bent á að passa einstaklega vel upp á lykilorðið sitt og gefa það **aldrei** upp eða lána öðrum. Einnig skal það skýrt tekið fram að **aldrei** skal senda lykilorðið sitt með tölvupósti.

Einstaka sinnum sleppur póstur í gegnum síurnar hjá okkur (sem þó stöðva hundruð þúsunda ruslpósta á hverjum degi) sem óska eftir notandanafni og lykilorði og virðist koma frá okkur eða öðrum stofnunum HÍ. ATH að þær beiðnir koma ekki frá okkur og munum við aldrei óska eftir lykilorði ykkar í gegnum tölvupóst. Reglan er einföld:

ALDREI að gefa upp lykilorð með tölvupósti.

➔ Hvernig get ég fengið nýtt lykilorð ef ég er búin(n) að gleyma því?

Tapist eða gleymist lykilorð er hægt að nálgast nýtt hjá Tölvuþjónustu RHÍ, á þjónustuborði Háskólatorgs eða hjá Menntasmiðjunni í Stakkahlíð. Ávallt skal framvísa skilríkjum til þess að fá nýtt lykilorð.

Til þess að gæta fyllsta öryggis úthlutar Reiknistofnun ekki nýju lykilorði í gegnum tölvupóst eða síma.

➔ Er hægt að breyta þessu flókna lykilorði?

Notendur geta auðveldlega breytt lykilorði sínu og er það gert í Uglu á ugla.hi.is undir Uglan mín-> Breyta lykilorði. Ath. greinamunur er á há- og lágstöfum í lykilorðum og öll lykilorð skulu vera 8 stafir að lengd.


www.rhi.hi.is/breyta_lykilordi



Ugla

➔ Hvað er Ugla?

Innri vefur HÍ heitir Ugla en hún er samansafn af vinnutækjum fyrir nemendur og starfsmenn. Notendur þurfa að skrá sig inn með notandanafni og lykilorði. Aðgangur að kerfum Uglu er mismunandi og miðast við þarfir



Ugla

og hlutverk hvers notanda. Aðgangi er stýrt út frá notandanafni en þannig sér hver notandi sína persónulegu Uglu. Það þýðir að viðkomandi getur stillt forsiðuna og sett inn upplýsingar um sig o.s.frv.

Innan Uglu er að finna upplýsinga-, samskipta- og skráningarkerfi sem snúa að námi og starfi innan Háskólans.

Gott er að skoða kynningarmyndband Uglunnar hér:

www.rhi.hi.is/ugla

Hér að neðan er farið í nokkra þætti Uglu sem nýnemar ættu að kynna sér.

Forsíða

Við fyrstu sýn gæti forsíða Uglu virkað flókin. Ugla er þó vingjarnleg og gerir notendum kleift að endurskipuleggja forsiðuna eins og hentar hverjum og einum. Þannig geta notendur lokað kössum sem þeir hafa engan áhuga á og bætt við öðrum sem þeir vilja frekar hafa á forsiðu Uglu.

http://www.rhi.hi.is/breyta_forsidu_uglu

Uglan mín

Undir Uglan mín er að finna helstu stillingar eins og að breyta lykilorði, setja inn mynd eða aðrar upplýsingar um sjálfan sig. Gott er að renna í gegnum möguleikana þegar farið er inn í Uglu í fyrsta sinn.

Kennsluvefur - Námskeiðin mín

Kennsluvefur (Námskeiðin mín) nefnist sá hluti sem snýr að náminu. Þar er að finna öll námskeið og námskeiðsgögn sem kennarar setja inn. Þar er einnig að finna hópumræður þar sem nemendur og kennarar geta rætt málin.

Skráning í námskeið

Í mars á hverju ári fer fram árleg námskeiðsskráning og endurskoðun skráninga er í upphafi hvers misseris. Það er mikilvægt að nemendur nýti þessi tímabil því það er ekki í boði að skrá sig í og úr námskeiðum eftir að frestur rennur út hverju sinni.



Í tölvuverum Reiknistofnunar hafa nemendur aðgang að fyrsta flokks tölvuaðstöðu. Um er að ræða yfir 300 tölvur í 15 tölvuverum.

➔ Hvar eru tölvuverin?

Tölvuverin eru staðsett víðsvegar um háskólasvæðið (sjá kort á miðopnu). Í öllum þeirra er að finna Windows stýrikerfi en í tölvuveri HT- 204 á Háskólatorgi er einnig MacOS stýrikerfi.

Á vef Reiknistofnunar er að finna allar helstu upplýsingar um tölvuverin þ.á m. upplýsingar um opnunartíma tölvuvera, uppfærslur á hugbúnaði, lýsingu á vélbúnaði auk upplýsinga um stundatöflur tölvuvera.

www.rhi.hi.is/tolvuver



➔ Hvað þarf ég að vita áður en ég skrái mig inn í tölvu í tölvuveri?

Ákveðnar reglur gilda varðandi umgengni í tölvuverum og eru notendur vinsamlegast beðnir um að virða þær:

- Sýnið öðrum notendum tillitssemi
- Það er óheimilt að neyta matar og drykkjar í tölvuverunum
- Það er bannað að tala í farsíma
- Rýmið tölvuver tafarlaust þegar húsinu er lokað eða þegar kennslustund hefst
- Gangið snyrtilega um og gangið frá eftir ykkur þegar þið yfirgefið tölvuver
- Óheimilt er að taka frá tölvu á einn eða annan hátt. Ef notandi yfirgefur tölvu í lengri tíma er öðrum notendum frjálst að yfirtaka hana

Það er afar mikilvægt að notendur muni eftir því að **skrá sig úr tölvum í tölvuveri** eftir notkun til þess að koma í veg fyrir að aðrir notendur geti nýtt sér aðganginn og þar á meðal prentkvótann.



➔ Hvar er hægt að prenta út?

Nemendur geta prentað út í öllum tölvuverum Háskólans. Hægt er að kaupa prentkvóta hjá þjónustuborðinu á Háskólatorgi, Menntasmiðju í Stakkahlíð eða í Uglu með kreditkort. Þá er valið “Tölvuþjónusta” -> “Prentkvóti”.

Hver prenteining kostar 7 krónur og er verðskráin sem hér segir:

- Svört-hvít prentun: 1 eining (7 kr.)
- Svört-hvít prentun á báðar hliðar: 2 einingar (14 kr.). Blekið er dýrara en pappírinn og því kostar það tvær einingar að prenta á báðar hliðar (en trén verða þakklát)
- Litaprentun: 5 einingar (35 kr.)

Ath. Þegar prentað er út í lit gerir prentarinn **ekki** greinarmun á því hvort síðan er í svörtu eða lit. Þegar þú sendir prentun á prentarann velur þú hvort þú viljir prenta út í lit eða svörtu. Þannig er skynsamlegt að prenta út litaðar síður sér og svartar sér til þess að borga ekki fyrir litaprentun á síðum sem innihalda einungis svartan texta.

Litaprentara er að finna í eftirfarandi tölvuverum:

- Háskólatorg (HT-204)
- Árnagarður (Á-318)

www.rhi.hi.is/litaprentun

➔ Hvar get ég ljósritað og/eða skannað?

Reiknistofnun er ekki með ljósritunarvélur á sínum snærum en er með skanna þess í stað. Skannarnir senda gögnin á netfang þess sem á að fá þau. Eftir að gögnin berast með tölvupósti er hægt að prenta þau út. Það kostar ekkert að skanna.

Skanna er að finna í eftirfarandi tölvuverum:

- Háskólatorg (HT-204)
- Askja (N-166)
- VR-II (V02-260)

www.rhi.hi.is/skannar

Heimasvæði



Um leið og notendanafni er úthlutað fær notandi aðgang að heimasvæði en stærð heimasvæða nemenda er 4GB. Gott er að venja sig á að geyma mikilvæg verkefni og skjöl inn á heimasvæðinu því á hverri nóttu er tekið afrit af öllum gögnum sem vistuð eru á heimasvæðum notenda. Það yrði því hámark dags verk sem tapast ef tölva notanda bilar eða týnist.

Gögnin á heimasvæðinu má nálgast á ýmsan hátt:

- Með því að “mappa” svæðið þannig að það liti út eins og hver annar harður diskur í tölvunni
- Í Uglu er hægt að nálgast svæðið með því að fara undir “Ugla mín”-> ”Skrárnar mínar”. Ath. ef unnið er með skjölin í gegnum Uglu þarf fyrst að vista skjalið í tölvunni. Þegar búíð er að gera tilteknar breytingar á skjalinu þarf að vista það og hlada því aftur inn í Uglu
- Í tölvuverum má finna skjölin undir “Skjöl” eða “Documents”
- Hægt er að nota SFTP tengingar til að opna heimasvæðið. Slóðin (server name) er þá katla.rhi.hi.is. Best er að notast við SFTP tengingu frekar en FTP. Sama notendanafn og lykilorð er notað og inn á Uglu

www.rhi.hi.is/heimasvæði

Tölvupóstur og dagatal



Allir notendur fá sitt eigið netfang sem samanstendur af notendanafni og @hi.is fyrir aftan það. Notandi notar Uglu notendanafn og lykilorð til þess að skrá sig inn í tölvupóstinn. Nemendur hafa 1GB geymslupláss í tölvupóstinum.

➔ Hvernig nálgast ég tölvupóstinn minn?

Það eru nokkrar leiðir til að nálgast tölvupóstinn sinn. Í fyrsta lagi er hægt er að nálgast hann í gegnum vafra á postur.hi.is. Þar er vefviðmót sem kallast Sogo en það er einfalt í notkun. Einnig er hægt að nálgast vefpóstinn gegnum vafra á webmail.hi.is eða gegnum tengil í Uglu. Í öðru lagi er hægt að notast við öll helstu tölvupóstforrit til að nálgast hann og er auðvelt að stilla þau fyrir háskólapóstinn. Í þriðja lagi er svo hægt að notast við snjallsíma fyrir póstinn.

Á vefsíðu Reiknistofnunar er að finna þær stillingar sem þarf til að tengja þessi tæki og forrit við póstinn. Reiknistofnun mælir með póstforritinu Thunderbird fyrir tölvur í þessum tilgangi en flest önnur forrit er einnig hægt að nota.

www.rhi.hi.is/tolvupostur



➔ Er rafrænt dagatal í boði?

Í Sogo (postur.hi.is) er að finna dagatal sem hægt er að tengja við önnur forrit og önnur tæki á svipaðan hátt og tölvupóstinn. Dagatalið býður upp á ýmsa möguleika og geta notendur t.d. deilt dagatölum sínum með öðrum notendum eða haft þau til einkanota. Frekari leiðbeiningar er að finna á heimasíðu okkar.

www.rhi.hi.is/sogo_dagatal

Nettengingar



Nokkrar leiðir standa nemendum til boða til þess að tengjast neti háskólans (HINET).

Þráðlaust net á háskólasvæðinu

Algengasta tenging nemenda við netið á háskólasvæðinu er í gegnum þráðlausa netið (WiFi). Netið er sýnilegt sem HINET þegar leitað er að þráðlausu neti á háskólasvæðinu. Notendur þurfa að skrá tölvur og önnur tæki til þess að tengjast þráðlausu netinu. Það er auðvelt að skrá og afskrá tæki í Uglu. Nemendur geta haft tvö tæki skráð í einu á þráðlausu netinu (t.d. tölvu og síma) og er sótt um skráningu í Uglu. Ítarlegar leiðbeiningar er að finna á vefsíðu Reiknistofnunar. Þar er farið yfir það hvernig á að tengja tækin skref fyrir skref.

www.rhi.hi.is/wifi



Eduroam

Eduroam (Educating roaming) er þráðlaust net sem hægt er að tengjast með auðkenni frá ýmsum rannsókn- og háskólanetum víðs vegar að í heiminum. Þannig geta notendur HÍ notast við eduroam í fjöldann öllum af erlendum skólum án þess að sækja sérstaklega um það. Sama á við um erlenda gesti sem koma til Íslands, þeir geta tengst við net HÍ án þess að þurfa að sækja sérstaklega um það svo lengi sem skólinn þeirra sé einnig tengdur eduroam. Stillingar má finna á eftirfarandi vefsíðu. Sjá kort á miðopnu í hvaða byggingum eduroam er virkt.

www.rhi.hi.is/eduroam

Garðanet

Íbúar á Stúdentagörðum HÍ hafa aðgang að neti í gegnum kapal og þarf að sækja um það í Uglu. Einungis sá sem skráður er fyrir íbúðinni getur sótt um Garðanetið. Ekki er þráðlaust net á Görðunum og því þarf hver og einn að verða sér úti um tilskilinn búnað (beinir/router) vilji viðkomandi setja upp þráðlaust net í sinni íbúð.

www.rhi.hi.is/gardanet

VPN tenging

Það er hægt að tengjast HINET með VPN (Virtual private network) nánast hvaðan sem er í heiminum, svo lengi sem tölvan er nettengd og það er ekkert sem hindrar VPN tengingar. Ekki þarf að sækja sérstaklega um VPN tengingu en það þarf að setja hana upp í viðkomandi tölvu.

www.rhi.hi.is/vpn_tengingar

ADSL tenging

Til að tengjast beint við HINET að heiman þarf að sækja um ADSL tengingu í gegnum Reiknistofnun og er það gert í Uglunni: Tölvuþjónusta-> Nettenging-> ADSL. Viðkomandi þarf að hafa virka ADSL línu frá símafyrirtæki og greiða fyrir hana sjálfur en umferðin fer í gegnum Reiknistofnun og er ókeypis.

www.rhi.hi.is/adsl

➔ Hvað má ég hláða miklu niður í gegnum HINET?

Nettenging HINET við útlönd er takmörkuð "auðlind". Notendur verða ávallt að hafa í huga þau

áhrif sem niðurhal þeirra hefur á heildarbandvidd tölvunetsins og notkunarmöguleika annarra notenda á sama tíma. Notendur geta átt von á aðvörnum, takmörkuðum aðgangi og jafnvel lokun á nettengingu ef um of mikla umferð er að ræða á einum sólahring.

Gagnlegir tenglar

Hér er að finna tengla á síður sem innihalda gagnlegar upplýsingar fyrir nýnema:

Gagnlegar upplýsingar fyrir nýnema:

www.hi.is/skolinn/nynemar

Háskóli Íslands - ytri vefur:

www.hi.is

Þjónustuborð Háskólatorgi:

www.hi.is/skolinn/haskolatorg_thjonustubord

Nemendaskrá:

www.hi.is/skolinn/nemendaskra

Menntasmiðja:

www.vefir.hi.is/smidja/

Kort og byggingar:

www.hi.is/adalvefur/kort_af_haskolanum

Alþjóðaskrifstofa:

www.hi.is/skolinn/althjodaskrifstofa

Félagsstofnun Stúdenta:

www.fs.is

Stúdentagarðar:

www.studentagardar.is/

Stúdentaráð ofl.:

www.student.is

Bóksala stúdenta:

www.boksala.is


Rafræn orðabók:


www.snara.is


Tillögur um úrbætur á efni þessa bæklinga eru vel þegnar. Koma má slíkum ábendingum á framfæri með tölvupósti: help@hi.is


Kort af háskólasvæðinu - Vesturbær

Main Campus Map

 Tölvuver er að finna í rauðmerktum byggingum
Computer Labs can be found in buildings marked with red

 Aðrar háskólabyggingar
Other University's buildings

 Byggingar með eduroam tengingu
Building with eduroam connection



School of Education has computer labs in Stakkahlíð and Skipholt and there is eduroam connection in most of their buildings.